

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2023-2025

Einstaklingsáætlun sem liður í samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna

Inngangur

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá nemendur sem geta ekki af einhverjum ástæðum fylgt skólanámskrá. Uppbygging námskránna er mismunandi en allar taka þær mið af Aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá, bekkjarnámsvísun og sértækum þörfum nemenda.

Einstaklingsáætlun er fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með að fylgja skólanámskrá og fá einstaklingsmarkmið til að vinna eftir en námsmat þeirra fylgir skólanámskrá.

Okkar reynsla í starfi var að vinna með einstaklingsnámskrár var ekki nógu markviss og skýr. Mikilvægt var að virkja fleira starfsfólk í vinnu að námskrám þar sem bæði verkaskipting og verklag var ekki nógu skýrt. Þess vegna fannst okkur tímabært að fara af stað með þetta þróunarverkefni.

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Markmið verkefnisins var að setja saman aðgengilegt og gagnlegt form sem nýtist í nútíma skólasamfélagi. Form sem skapar aðgengilegar einstaklingsnámskrár og einstaklingsáætlanir sem styrkja nemendur í að takast á við áskoranir sem tengjast skólagöngu og mynda jákvæðan skólabrag. Einnig var markmiðið að formið gæti auðveldað kennurum og þroskaþjálfum að vinna saman með velferð barna að leiðarljósi og gera námsmat markvissara. Efla samstarf innan skólans til að halda vel utan um nemendur sem víkja frá hefðbundnu námi. Liður í því er að rýna í hæfniviðmið og einfalda þau með það að leiðarljósi að fá greinagóðar upplýsingar um stöðu nemenda og byggja þannig góðan grunn.

Undirbúningur og samstarf

Kennarar og þroskaþjálfar sem komu að verkefninu höfðu undirbúið verkefnið með heimsóknunum og samtali við sérkennara og þroskaþjálfara í öðrum skólum. Heimsóttir voru skólar í nágrannasveitarfélögunum bæði í Kópavogi og Hafnarfirði, einnig var Klettaskóli í Reykjavík heimsóttur. Heimsóknirnar miðuðu að því að fá upplýsingar og samtal um mismunandi gerð einstaklingsnámskráa og einstaklingsáætlana. Fyrst og fremst var rýnt í uppsetningu og hvernig mati á þeim er háttað. Innan skólans átti sér stað þverfaglegt samstarf þar sem aðilar lögðu mat sitt á framgang þróunarverkefnisins og veittu upplýsingar er komu að góðu gagni.

Lýsing á framgangi verkefnisins

Hafist var handa við að safna upplýsingum um vinnubrögð annarra skóla varðandi nemendur sem víkja frá hefðbundnu námi haustið 2023. Fyrstu drög að formi til að halda utan um markmiðin voru sett fram það haust og var ákveðið að hafa formin tvö. Annað skjalið var Excel skjal sem var hugsað sem vinnuskjal sem héldi utan um markmið eða hæfniviðmið sem nýttust bæði fyrir einstaklingsnámskrár og einstaklingsáætlanir. Hitt skjalið sem var Word skjal var eingöngu hugsað sem undirritað skjal fyrir einstaklingsnámskrár. Skólaárið 2023 – 2024 var nýtt til þess að þróa þessi tvö skjöl frekar og tóku þau breytingum yfir veturinn.

Haustið 2024 var farið í að skoða hvernig best væri að halda utan um nemendur sem víkja frá hefðbundnu námi í Mentor. Skoðaðir voru möguleikarnir á að hafa einstaklingsnámskrá og áætlun eingöngu inni í Mentor. Síðar var leitað ráða og álits hjá öðrum kennurum skólans varðandi skjölin tvö og veittu þeir kennarar góð og gagnleg ráð sem mótuðu form skjalanna. Frá áramótum var lögð áhersla á að búa til safn af einfölduðum hæfniviðmiðum fyrir íslensku, stærðfæði og ensku. Markmiðið er að nýta þau hæfniviðmið við námsmat í Mentor.

Framkvæmd á verkefninu

Fundað var reglulega á tímabilinu þar sem verkefnum var skipt á milli og staðan metin í hvert sinn. Í þessu verkefni byrjuðum við á að leggja áherslu á bókleg fög en seinna í ferlinu beindum við sjónum að því að bæta við markmiðum í list- og verkgreinum, íþróttum og sundi ásamt færnimarkmiðum fyrir nemendur. Síðustu skrefin í ferlinu var að rýna í hæfniviðmiðin og einfalda þau til að auðvelda námsmat í Mentor.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Verkefnið hófst haustið 2023 en vegna óviðráðanlegra aðstæðna ásamt því að til stóð að skólinn myndi breyta í námskerfið Mentor haustið 2024, var sótt um frest á verkefninu til skólaársins 2024-2025. Kennarar sem komu að verkefninu hófu vinnuna haustið 2023. Sú vinna nýttist áfram til ígrundunar þegar þráðurinn var tekin upp á ný haustið 2024 en þá hafði þroskaþjálfafi bæst við í hópinn. Óljóst var hvort meta mætti færnimarkmiðin í Mentor, út frá persónuverndarsjónarmiðum. Því var ákveðið að utan umhaldið væri ekki eingöngu í Mentor, heldur í skjölunum líka.

Árangur verkefnis

Ávinningur felur í sér tvö ígrunduð form fyrir einstaklingsnámskrá og eitt form fyrir einstaklingsáætlun. Einnig hefur starfsmannahópurinn sameinast um verklag sem að styrkir fagleg vinnubrögð innan skólans og stuðlar að inngildandi menntun. Einnig voru búin til einfölduð hæfniviðmið fyrir íslensku, stærðfræði og ensku sem hentar betur fyrir nemendur á einstaklingsnámskrá. Afrakstur þessa þróunarverkefnis verður aðgengilegur öðrum og möguleiki á að þróa þessa vinnu nánar, eins og nágrannasveitarfélög okkar hafa gert.

Afurðir verkefnisins

Verkefnið inniheldur tvennskonar skjöl fyrir einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlun. Allir kennarar og þroskaþjálfar hafa aðgengi að skjölunum sem búið er að aðlaga að ólíkum fögum innan skólans ásamt þörfum hvers og eins nemanda. Annað skjalið er yfirlitskjal fyrir einstaklingsnámskrá þar sem finna má upplýsingar um hvaða fög liggja undir og helstu markmið nemandans. Þetta skjal er undirritað af forráðafólki, umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfra sem koma að nemandanum. Hitt skjalið er í Excel og notað fyrir einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlun. Í skjalinu eru upplýsingar um markmið tengd bóklegu og verklegu námi ásamt færnimarkmiðum. Þar koma einnig fram upplýsingar um hvernig skal unnið að markmiðum, hvaða námsefni skal notað og hvernig markmiðin eru metin. Þetta er vinnuskjal og er breytilegt yfir skólaárið.

Uppgjör kostnaðar

Heildarupphæð styrks: 638.400 kr

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
11. júní 2025	Anna Jóna Sigurðardóttir	127.680 kr.
11. júní 2025	Harpa Bjarnadóttir	127.680 kr.
11. júní 2025	Hildur Björg Jónsdóttir	127.680 kr.
11. júní 2025	Ingilaug Erlingsdóttir	127.680 kr.
11. júní 2025	Ingunn Þóra Hallsdóttir	127.680 kr.

Lokaorð

Það var lærdómsríkt ferli að rýna í vinnubrögð varðandi nemendur sem víkja frá hefðbundnu námi. Verkefnið reyndist yfirgripsmikið og aðkoma ólíkra fagmanna var mikilvægur þáttur í vinnunni. Hugsa þurfti ferlið alla leið þar sem markmiðið var að skerpa sýn á vinnubrögðum innan skóla án aðgreiningar. Eitt af markmiðunum er að afurðin geti nýst fleiri aðilum þar sem mikilvægt er að ígrunda verkferla reglulega innan skólans ef vel á að vera.

11/6 '25 Ingilaug Erlingsdóttir
dags. nafn verkefnisstjóra

11.6.2025 Sesselja Þóra Gunnarsdóttir
dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla